



# Starfsábyrgðartrygging umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa

## Vátryggingarskilmálar nr. AP30

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AP30.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Vísitala
11. Staða tjónþola við tjón
12. Meðferð bótakrafna
13. Fyrning

### 1. Vátryggður

Vátryggður er sá umboðsmaður eigenda vörumerkja og einkaleyfa sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

### 3. Ábyrgðartími

- 3.1 Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
  - 3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.
  - 3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu

tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunnir að verða rakið til vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

- 3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

### 4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Almenn fjártjón viðskiptamanns vátryggðs er leiðir af gáleysi í störfum hans sem umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa.
- 4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.
- 4.4 Líkamstjón og skemmdir á munum.
- 4.5 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:

Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.

Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.



Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

## 8. Vátryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingar-fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra vátryggingaratburða innan sama vátryggingartímabils getur aldrei orðið hærri en fram kemur á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggður stofni til vegna ákvörðunar um

skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.

- 8.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

## 9. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjun-arkvittun.

## 10. Vísitala

Vátryggingarfjárhæðir breytast árlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

## 11. Staða tjónþola við tjón

- 11.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 11.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.
- 11.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 11.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. Meðferð bótakrafna

- 12.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 12.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir



### 13. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.